

# Kennsluáætlun

## Lota 1

Haust 2018

**Bekkur:** 8.bekkur

**Námsgrein:** Enska

**Fjöldi kennslustunda:**4

**Kennari/kennarar:** Rebekka Árnadóttir

### Áfangalýsing

**Kennsluaðferðir:** Unnið verður í 8-9 vikna lotum, þar sem lagt verður áherslu á mismunandi hæfniviðmið. Notast verður meðal annars við kennslubókina Spotlight 8 ásamt vinnubók og hlustunarefni. Verkefni úr vinnubók, orðalisti og ritunarverkefni eru unnin í stílabók. Í ensku verður einnig notast við tónlist, myndbönd, kvikmyndir, og frjalslestrarbækur.

Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta, ýmist með einstaklings og hópavinnu, félagakennslu og stöðvavinnu.

**Námsmat:** Mikil áherlsa verður lögð á sjálfsmat nemenda og jafningjamat, til þess að meta námsárangur hvers og eins. Verkefni verða lögð fyrir reglulega, þar sem lögð er áhersla á mismunandi hæfniviðmið innan fagsins, í samræmi við Aðalnámsskrá grunnskóla. Í lok hvernar lotu setja nemendur sér markmið fyrir næstu lotu. Einkunnir verða gefnar í bókstöfum.

Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

| Dagsetning                                             | Viðfangsefni                                                                                                                                             | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Námsmat               |
|--------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|
| 27. – 31. ágúst                                        | Sjálfsmat ELP<br><br><b>Unit 1 - Animal power</b><br><br>TB 6-9, WB 6-9,<br><br>Nafnorð – regluleg/óregluleg<br>fleirtala WB: 137-139<br><br>Valverkefni | <b>Hlustun</b><br>Nemandi geti:<br><ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilið auðveldlega og án vandræða talað mál er varðar hann sjálfan og daglegt líf</li> <li>• Skilið samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og sem tengjast áhuga-, námi- og þekkingarsviði hans og nýtt sér í ræðu og riti</li> <li>• Fylgt nokkuð vel aðgengilegu efni sem höfðar til hans, í fjöl og myndmiðlum</li> <li>• Hlustað nokkuð vel eftir nákvæmum atriðum þegar þörf er á.</li> </ul>                                               | Sjálfsmat             |
| 3. sept. – 7. sept.                                    | TB 10-12, WB 10-17<br><br>Óákveðinn greinir a/an<br>WB: 140-141<br><br>Valverkefni                                                                       | <b>Lesskilningur</b><br>Nemandi geti:<br><ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið og skilið margsvíslega texta sem innihalda algengan orðaforða og fjalla um daglegt líf og kunnuglegar aðstæður.</li> <li>• Skilið megininntak í nokkuð algengum frásögnum fjöl-, net og myndmiðla</li> <li>• Leitað og fundið aðgengilegar upplýsingar í texta og greint helstu aðalatriði textans og nýtt sér við verkefnavinnu</li> <li>• Lesið sér til gagns og ánægju smásögur, bækur og fræðsluefni ætlað hans aldurshópi</li> </ul> |                       |
| 10. – 14. sept.<br><br>12.-13. sept<br>Vindáshlíð      | Cool reads: TB 13-21, WB 18-25<br><br>Valverkefni                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Frásögn, jafningjamat |
| 17. – 21. sept.<br><br>Skipulagsdagur mán.<br>17. sept | Spurnarorð, úrfellingarmerki<br>WB 142-144<br><br>Valverkefni                                                                                            | <b>Samskipti</b><br>Nemandi geti:<br><ul style="list-style-type: none"> <li>• Haldið uppi almennum samræðum um efni sem hann þekkir, beitt eðlilegum framburði og nýtt sér lykilorðaforða daglegs máls og kurteisvenjur.</li> <li>• Tekið þátt í einföldu spjalli um daglegt líf og áhugsvið</li> <li>• Bjargað sér við algengar aðstæður og miðlað einföldum upplýsingum</li> <li>• Tekið þátt í samræðum og átt skoðanaskipti um það sem unnið er með í kennslustofunni</li> </ul>                                              |                       |
| 24. – 28. sept.                                        | Lesskilningsverkefni úr Unit 1<br><br><b>Unit 2 - Me and you and everybody else</b>                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Lesskilningskönnun    |

|                |                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                  |
|----------------|-------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                | TB 22-28, WB 28-31, 33-35 og 37-38<br>Valverkefni     | <b>Frásögn</b><br>Nemandi geti:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                  |
| 1. – 5. okt    | TB 29-37, WB 40-59<br>Cool reads<br>Valverkefni       | <ul style="list-style-type: none"> <li>Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun á því og brugðist við spurningum</li> <li>Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi</li> <li>Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>                                                                                     | Cool reads: Frásögn og samskipti                                                                 |
| 8. – 12. okt.  | Hlustunar, ritunar og málfræðikannanir<br>Valverkefni | <b>Ritun</b><br>Nemandi geti:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Spotlight on listening and writing, unit 2.<br>Hlustun og ritun                                  |
| 15. – 19. okt. | Kvikmyndin Billy Elliot og verkefni                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir vel, nýtt sér til þess daglegan orðaforða og grunnatriði málfræði og stafsetningar.</li> <li>Skrifað mismunandi texta og hagað málinu í samræmi við inntak og viðtakanda.</li> <li>Sagt frá og brugðist við hlutum sem hann hefur heyrt, lesið eða séð</li> <li>Lýst skoðunum, atburðarás og nýtt sér til þess viðeigandi orðaforða.</li> <li>Samið texta og nýtt sér til þess ímyndunarafl og sköpunargáfu</li> </ul> | Samræðuverkefni um kvikmynd – sjálfsmat og jafningjamat<br><br><b>19. okt Skil á valverkefni</b> |

## Valverkefni

Í hverri lotu eiga nemendur að vinna eitt verkefni að eigin vali sem tengist sjálfsmati sem gert er í upphafi vetrar. Unnið er þá sérstaklega með hæfni sem nemandinn telur sig þurfa þjálfun í. Verkefnið er unnið utan kennsluáætlunar þ.e. þegar vinnu við áætlun er lokið í kennslustundum eða heima og á að skila í lok lotu.